

Bekkur: 1. bekkur

Námsgrein: Samfélagsgreinar - samþættist með öðrum námsgreinum

Kennarar: Birgitta Mjöll Eypórsdóttir og Hólmfríður Ólafsdóttir

Tímafjöldi: 4 kennslustundir á viku



Sjálfstæði – virðing – samhugur – ábyrgð

Námsgögn:

Uppeldi til ábyrgðar – umræður og verkefni sem tengjast uppbyggingarstefnunni

Halló heimur 1

Ýmsir námsvefir

Bækur sem tengjast byrjendalæsinu

Námsflokkar	Hæfniviðmið	Kennsluhættir	Námsmat
Reynsluheimur (umhverfi, samfélag, saga, menning)	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">þjálfist í að bera kennsl á gildi, svo sem virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum, umhyggju og sáttfýsi,þjálfist í að lýsa samhengi orða, athafna og afleiðinga,þjálfist í að gera sér grein fyrir gildi náttúru og umhverfis og mikilvægi góðrar umgengni,þjálfist í að velta fyrir sér upplýsingum, gildi þeirra og áreiðanleika,þjálfist í að koma auga á dæmi um áhrif Biblíunnar á samfélagið.	<ul style="list-style-type: none">UmræðurFjölbreytt vinnubrögð m.a. leikur og leikræn tjáning sem gera nemendum kleift að njóta sín á eigin forsendum.Framsögn og virk hlustun.Samfélagsgreinar tengdar við aðrar námsgreinar, samþætting.	Byrjendalæsisverkefni
Hugarheimur – sjálfsmynd: Hæfni nemenda til að átta sig á sjálfum sér og öðrum.	Að nemandi: <ul style="list-style-type: none">þjálfist í að benda á gildi jákvæðra viðhorfa og gilda fyrir sjálfan sig,þjálfist í að gera sér grein fyrir hvar styrkur hans liggur,átti sig á og geti lýst ýmsum tilfinningum svo sem gleði, sorg og reiði,	<ul style="list-style-type: none">UmræðurFjölbreytt vinnubrögð m.a. leikur og leikræn tjáning sem gera nemendum kleift að njóta sín á eigin forsendum.	Byrjendalæsisverkefni

	<ul style="list-style-type: none"> • geri sér grein fyrir þörf sinni fyrir næringu, hvíld, hreyfingu og hreinlæti, • geri sér grein fyrir að í umhverfinu eru margvísleg áreiti, jákvæð og neikvæð, sem hafa áhrif á líf hans, • geti sett sig í spor annarra jafnaldra. 	<ul style="list-style-type: none"> • Framsögn og virk hlustun. • Samfélagsgreinar tengdar við aðrar námsgreinar, samþætting. 	
Félagsheimur – Samskipti: Hæfni nemenda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.	<p>Að nemandi:</p> <ul style="list-style-type: none"> • þjálfist í að taka þátt í samstarfi og samræðu í jafningjahópi, • þjálfist í að hlusta á og greina að, ólíkar skoðanir, • þjálfist í að tjá þekkingu sína og viðhorf með ýmsum hætti, • geti sýnt tillitssemi og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra, • geti áttað sig á ýmiss konar afleiðingum athafna sinna, • geti sýnt að hann virði reglur í samskiptum fólks, skráðar og óskráðar, og nefnt dæmi um slíkar reglur, • geti sýnt tillitssemi og umhyggju í leik og starfi. 	<ul style="list-style-type: none"> • Umræður • Fjölbreytt vinnubrögð m.a. leikur og leikræn tjáning sem gera nemendum kleift að njóta sín á eigin forsendum. • Framsögn og virk hlustun. • Samfélagsgreinar tengdar við aðrar námsgreinar, samþætting. 	Byrjendalæsisverkefni